

4.3.2024

## Fræðslu- og frístundanevnd Fjallabyggðar.

### Efni: Endurskoðun Leikskólagjalda í Fjallabyggð

Á fundi Fræðslu- og frístundanevndar þann 2. október 2023 var tekið fyrir reglur um umsóknir og innritun í Leikskóla Fjallabyggðar þar sem nauðsynlegt var að uppfæra reglurnar sem höfðu verið óbreyttar frá 2020.

Eftir breytingar þá hafa verið tekin út t.d. afslættir til forelda í námi, sú breyting fékk litla sem enga umræðu hvorki í nefnd né í Bæjarráði.

H-listinn lýtur svo á að um sé að ræða lítil útgjöld fyrir sveitarfélagið sem styður við þá foreldra sem sækja sér aukna menntun sem í flestum tilfellum nýtist okkur öllum í samfélaginu. Þar að auki má gera ráð fyrir að veittur afsláttur muni skila sér aftur til bæjarsjóðs með hærri launum sem oftar en ekki fylgja aukinni menntun.

Ein af þeim ástæðum sem nefndar voru fyrir niðurfellingu afslátta til foreldra í námi var að fjarnám í dag hefur ekki í för með sér skerðingu á starfshlutfalli eða valdi tekjumissi.

Sé svo, þá óskum við eftir gögnum sem styðja þessa fullyrðingu en þeir sem að hafa komið á tali við okkur hafa ekki getað stundað 100% vinnu samhliða námi.

Ef svo er að þessi fullyrðing eigi við rök að styðjast er þá eitthvað sem mælir gegn því að sveitarfélagið, sem gefur sig út fyrir að vera fjölskylduvænt samfélag, styðji við þá foreldra sem eru tilbúnir að leggja það álag á sig að vera í 100% starfi með fullu námi.

Nærleggjandi sveitafélög hafa verið að taka Leikskólagjöld og reglur um vistun til skoðunar, en þar hafa afsláttkjör ýmist tekið breytingum eða verið tekin út á móti öðrum viðbótum.

Við teljum að það sé ástæða til þess að taka til alvarlegrar skoðunar hvernig þau sveitarfélög sem hafa tekið upp gjaldfrjálsan leikskóla að hluta til og afslættir eru tekjutengdir.

Eðlilegt er að með afsláttakjörum séu einhverjar kröfur sem umsækjandi þarf að uppfylla, sem gæti þá verið t.d. með staðfestingu á skólavist(sem var), staðfestingu á skertu starfshlutfalli eða með tekjutenginu.

H-listinn óskar því eftir því að breytingar á afsláttareglum, sem snúa að námsmönnum, verði afturkallaðar og að reglurnar verði endurskoðaðar í heild sinni af nefndinni.

Óskað er eftir því að erindi þetta verði birt undir málinu í fundargerð.

*Virðingarfyllst fh. H-listans.*

Katrín Freysdóttir, aðalmaður í Fræðslu- og frístundanevnd  
Jón K. Ólafsson, varamaður í Fræðslu- og frístundanevnd